Verður teymisnám (TBL) alltaf jafn vinsælt? Viðhorf nemenda í Lyfjafræðideild eftir endurtekna reynslu af TBL

Berglind Eva Benediktsdóttir, dósent við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands, bergline@hi.is
Helga Helgadóttir, lektor við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands, helgadottir@hi.is

Teymisnám (e. *Team-Based Learning*, TBL) er virk kennsluaðferð sem byggir á undirbúningi nemenda, ábyrgð þeirra á eigin námi og samvinnu við lausn raunhæfra viðfangsefna. TBL var innleitt í þrjú námskeið á BS-stigi í Lyfjafræðideild Háskóla Íslands frá árinu 2022. Fyrstu viðbrögð nemenda voru jákvæð en þar sem TBL er notað endurtekið í náminu var markmið rannsóknarinnar að kanna hvort jákvætt viðhorf til kennsluaðferðarinnar héldist við endurtekna notkun hennar.

Tveir árgangar lyfjafræðinema fengu TBL-kennslu í einu námskeiði á hverri önn yfir þrjár annir. Að loknu hverju námskeiði var lögð fyrir tíu spurninga könnun á fimm punkta Likert-kvarða, auk þess sem boðið var upp á opin svör, alls við sex mælitækifæri. Fjöldi skráðra nemenda í námskeiðunum var 10–18 og svarhlutfall 44–100%. Þátttaka var valfrjáls og nafnlaus.

Viðhorf nemenda til TBL var almennt mjög jákvætt og ekki sáust skýr merki um að drægi úr ánægju með kennsluaðferðina við endurtekna notkun hennar. Við fyrstu og þriðju TBL-reynslu voru allir svarendur í báðum árgöngum sammála eða mjög sammála því að þeir hefðu varið tíma í undirbúning fyrir TBL-tíma. Í öllum sex könnununum voru jafnframt allir svarendur sammála eða mjög sammála því að TBL hjálpaði þeim að tileinka sér þekkingu og skilja námsefnið. Við þriðju TBL-reynslu töldu 78% og 90% svarenda í árgöngunum tveimur TBL vera ánægjulega kennsluaðferð, samanborið við 64% og 100% við fyrstu reynslu. Opin svör bentu jafnframt til þess að nemendur mætu sveigjanleika, reglulegan undirbúning, endurgjöf og umræðu í TBL-tímum.

Niðurstöðurnar benda til þess að jákvætt viðhorf nemenda til TBL haldist þrátt fyrir endurtekna notkun kennsluaðferðarinnar og að nemendur upplifi áfram gagnsemi hennar.

Lykilorð

Kennsluaðferðir – TBL – viðhorf nemenda